



Manngerð fálkahreiður. Aðalsteinn Örn Snæþórsson. Fálkasetur Íslands – mars 2022.

Ágrip skýrsluhöfundar:

Fálkasetur Íslands hlaut styrk úr rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar árið 2021 fyrir verkefnið Manngerð fálkahreiður. Markmið verkefnisins er að hanna og byggja hreiðurstaði á fálkaóðulum í Þingeyjarsýslum og fylgjast með nýtingu þeirra. Tilgangurinn er að fjölga varpstöðum innan fálkaóðala í Þingeyjarsýslum sem skortir góða varpstaði. Eftirlit með hvernig til tekst gefur góðar upplýsingar um hvort og hve vel manngerð fálkahreiður nýtast fyrir fálkann. Þessar upplýsingar má svo nota til hliðsjónar ef farið verður í byggingu fálkahreiðra til að bæta fyrir hreiður sem skemmast eða verða óhentug vegna framkvæmda mannsins.

Gert var ráð fyrir að byggja þrjú hreiður. Þau yrðu sett upp vel fyrir varptíma að vori og við hvert þeirra sett eftirlitsmyndavél (e. trail camera). Áætlað var að byggja 1-2 hreiður fyrir varptíma árið 2021 og svo hin sem eftir eru fyrir varptímann 2022. Með þessu ætti að vera hægt að fylgjast með hverju hreiðri yfir 2 eða 3 varptíma.